



ÁRSSKÝRSLA

Heimilis og skóla
landssamtaka foreldra

2013

Aðalfundur Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra haldinn 7. apríl 2014
á Suðurlandsbraut 24, 3. hæð, 108 Reykjavík

Útgefandi: Heimili og skóli - landssamtök foreldra
Suðurlandsbraut 24, 2. hæð
108 Reykjavík

Ritstjórn: Hrefna Sigurjónsdóttir
Umbrot og hönnun: Halla Björk Kristjánsdóttir
Ábyrgðarmaður: Ketill B. Magnússon
Prentun: Oddi ehf.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
1. Stjórn og starfsmenn Heimilis og skóla	4
1.1. Stjórn	4
1.2. Stjórnarfundir	4
1.3. Starfsmenn	4
2. Starfsemi	5
2.1. Húsnæði	5
2.2. Félagsmenn	5
3. Helstu verkefni	5
3.1. Ráðgjöf og upplýsingar	5
3.2. Þjónusta við skólasamfélagið	6
3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök	6
3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla	7
3.5. Foreldradagurinn	8
3.6. SAFT	8
4. Útgefið efni, dreifing og vefsíða	11
4.1. Útgáfa	11
4.2. Heimasíða og facebook	11
5. Fundir, ráðstefnur og aðrir viðburðir	12
6. Samstarf innanlands	14
7. Norrænt samstarf	16
8. Evrópskt samstarf	16
9. Lokaorð	17
Lög Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra	17

INNGANGUR

Tilgangur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra er að styrkja foreldra í uppeldis- hlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu á öllum skólastigum. Samtökin eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórn mála- flokkum og trúfélögum. Fjöldi einstaklinga eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra á landsvísu.

Samtökin eru umsjónaraðili SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) sem er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og ungmenna á Íslandi. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun, og er styrkt af ESB. SAFT er í samstarfi við önnur Evrópulönd í gegnum Insafe netverkið og deilir með þeim upplýsingum, aðferða- fræði og þekkingu.

Heimili og skóli eiga í víðtæku samstarfi við ýmsa aðila um uppeldi, forvarnir, velferð og menntun. Helstu verkefni samtakanna felast í útgáfu, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, skóla og annarra sem vinna með börnum og ungmenum.

Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið janúar til og með desember 2013 og fjallar um helstu þætti í starfsemi samtakanna.

| 1 | STJÓRN OG STARFSMENN HEIMILIS OG SKÓLA

1.1. STJÓRN

Stjórn Heimilis og skóla var kosin á aðalfundi samtakanna sem haldinn var 18. apríl 2013. Á fundinum voru samþykktar lagabreytingar sem fólu m.a. í sér að fækkað var í stjórn úr ellefu meðlimum í sjö. Á fulltrúaráðsfundi Heimilis og skóla 28. október 2013 var kosinn nýr meðlimur í stjórn fyrir hönd fulltrúaráðsins og hlaut Gísli Hildibrandur Guðlaugsson, Foreldraráði Hafnarfjarðar, flest atkvæði. Í stjórn sátu:

Ketill B. Magnússon, *formaður* | Reykjavík
Sigrún Þorleifsdóttir, *varaformaður* | Kópavogi
Anna Margrét Sigurðardóttir | Fjarðabyggð
Ása Sigurlaug Harðardóttir | Kópavogi
Bryndís Elfa Valdemarsdóttir | Akureyri
Gísli Hildibrandur Guðlaugsson | Hafnarfirði
Svava B. Sigurjónsdóttir | Reykjavík

Enginn stjórnarmanna þáði laun fyrir störf sín.

Kjörnir skoðunarmenn voru **Barbara Björnsdóttir** og **Hilmar Ingimundarson**.

1.2. STJÓRNARFUNDIR

Frá 1. janúar til 31. desember 2013 voru haldnir níu stjórnarfundir. Framkvæmdanefnd var lögð niður á aðalfundi 18. apríl 2013 þegar lögum var breytt og stjórn samtakanna minnkuð. Hlutverk hennar fellur nú undir undir verkahring stjórnar.

1.3. STARFSMENN

Starfsmenn samtakanna starfsárið 2013 voru:

Hrefna Sigurjónsdóttir, *framkvæmdastjóri*
Guðberg K. Jónsson, *verkefnastjóri SAFT*
Sólveig Karlsdóttir, *verkefnastjóri* (sneri aftur til starfa úr fæðingarorlofi í maí)
Björn Rúnar Egilsson, *verkefnastjóri*

Starfsmenn hafa víðtæka reynslu og menntun í uppeldis- og kennslufræði, heimspeki, sálfræði, aðferðafræði og alþjóðasamskiptum.

| 2 | STARFSEMI

2.1 HÚSNÆÐI

Samtökin reka þjónustumiðstöð á Suðurlandsbraut 24, 2. hæð og leigja húsnæðið af Reitum, fasteignafélagi. Þangað geta foreldrar og aðrir sótt ýmsa þjónustu, svo sem ráðgjöf, fræðsluefni og upplýsingar. Þar er einnig fundaraðstaða.

2.2 FÉLAGSMENN

Félagsmenn í samtökunum eru einkum foreldrar og forráðamenn barna á skólaaldri sem og foreldrafélög, foreldra- og skólaráð, leik-, grunn- og framhaldsskólar. Skráðir félagsmenn eru 2.735, þar af 2.567 einstaklingar. Þegar þetta er ritað voru 2.468 búnir að greiða félagsgjöld fyrir starfsárið 2013-2014, enn eiga 20 grunnskólar og 247 einstaklingar eftir að greiða árgjaldið. Unnið var mikið í félagatalinu á árinu og teknir voru út skráðir félagar sem höfðu verið óvirkir í tvö ár eða lengur (þ.e. höfðu ekki greitt félagagjald í tvö ár samfellt en voru samt að fá sent tímarit). Við þessar aðgerðir fækkaði í félagatalinu en á móti komu nýir félagar inn. Einnig var unnin áætlun um fjölgun félaga en vissulega miðar allt starf samtakanna að því að þjónusta og afla félaga. Mikilvægt er þó að leggja áherslu á að fá nýja foreldra inn því stöðug endurnýjun

er í hópnum. Einnig er mikilvægt að samtökin geti fjármagnað starfsemi sína að sem mestu leyti með félagsgjöldum svo þau haldi stöðu sinni sem frjáls og óháð félagsamtök með sterkt umboð foreldra.

2.3 SAMSTARFSSAMNINGUR

Unnið var að samstarfssamningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti og var hann undirritaður 21. mars 2013 þegar Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, og Katrín Jakobsdóttir, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, heimsóttu Grundaskóla á Akranesi. Grundaskóli hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2012 og hefur sú hefð skapast að ráðherra ásamt formanni og framkvæmdastjóra samtakanna heimsæki vinningshafann. Samningurinn gildir til næstu fjögurra ára frá undirritun og er þetta í fyrsta sinn sem samningurinn nær yfir svo langt tímabil. Samningurinn felur í sér fjárframlag, 12 milljónir króna á ári, til að sinna fjölþættri þjónustu við foreldra skólabarna á öllu landinu. Árið 2013 veitti ráðuneytið sérstöku framlagi, 4 milljónum króna, til Heimilis og skóla til að annast viðtæka kynningu á aðalnámskrám fyrir foreldra m.a. með kynningarfundum um land allt og kynningarrefni á vefsíðum og samfélagsmiðlum.

| 3 | HELSTU VERKEFNI

3.1. RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR


Mikið er leitað til þjónustumiðstöðvar Heimilis og skóla eftir ráðgjöf og upplýsingum. Einnig er beðið um fræðslu og fyrirlestra og hafa Heimili og skóli og SAFT ferðast vítt og breitt um landið á árinu með fræðslu fyrir börn og foreldra.

Haldið er utan um ráðgjöf Heimilis og skóla með ráðgjafarforriti frá Lausn hugbúnaði. Þar eru einkum skráð símtöl en einnig önnur ráðgjöf, svo sem með tölvupósti og facebook, eftir fremsta megni. Einnig kemur fólk í eigin persónu til að fá ráðgjöf.


Þegar athugað er vegna hvers er helst hringt þá koma niðurstöðurnar ekki á óvart. Helst er hringt vegna nemanda (20%) en þar á eftir er flokkurinn „annað“ (14%). Því næst er aðbúnaður/öryggi umhverfis (6%) en þétt upp við þann flokk er hringt vegna kennara og/eða stjórn skóla (5% í hvorum flokki fyrir sig). Næst er hringt vegna námsefnis (4%). Skoða má mynd 1 til að glöggva sig betur á skiptingunni. Erfitt getur verið að flokka ráðgjöf þar sem málin eru oft

margþætt og geta fallið undir nokkra flokka. T.a.m. getur eitt símtal falið í sér fimm ráðgjafaratriði eða fleiri.

MYND 1 - Vegna hvers er hringt?



MYND 2 - Hverjir hringja?



Yfirleitt eru það foreldrar sem leita ráðgjafar (34%) en þar á eftir koma kennarar (10%) og foreldrafélög/skóla- og foreldraráð (9%). Það er örlítill breyting frá árinu 2012 og virðist kennurum sem til okkar leita fjölga. Næst koma skólastjórnendur (5%), aðstandendur (4%), aðrir (4%) og loks samstarfsaðilar (2%). Ekki er vitað hver hringir í 1% tilfella (sjá nánar mynd 2). Stundum skarast flokkarnir.

Mál nemenda eru flokkuð eftir hvort þau tengjast námi og/eða andlegri líðan.

Þegar kemur að námi eru um 11% ráðgjafarinnar tengd kennslu, 7% aðbúnaði, 6% lögum og reglugerðum, 4% kennara, 3% skólastjórn og 3% sveitarfélagi, 2% heimanámi og síðan koma flokkarnir námsefni, lesblinda og námsmat.


Þegar málin tengjast andlegri líðan eru 13% vegna nemendaverndar en 10% vegna eineltis. Athyglisvert er að sjá að hringingum vegna eineltis hefur snarfækkað en þær voru 21,5% ráðgjafarinnar árið 2012. 6% tengjast hegðun og önnur 6% kvíða. Um 5% eru vegna námsleiða, 3% vegna félagslegrar einangrunar og önnur 3% vegna veikinda/fötlunar. Því næst eru ADHD og ráðgjöf tengd sorg og þunglyndi.

Langoftast er hringt vegna grunnskólastigsins (54%), þar á eftir koma leikskólastigið (3%) og því næst framhaldsskólinn (3%). Önnur mál eiga ekki endilega heima innan ákveðins skólastigs. Oftast er hringt vegna samskipta (15%) en einnig er hringt vegna skóla-aksturs, skólanámskrár, íþróttar og ferða.

Þegar foreldrasamtök hafa samband er yfirleitt verið að biðja um fræðslu/fyrirlestra (11%). Því næst er spurt um réttindi og skyldur (5%) og skipulag/ráðgjöf (3%). Minnst er spurt um aðkomu að stjórnslu.

Einnig er umtalsverður hluti ráðgjafarinnar tengdur

MYND 3 - Ráðgjöf tengd netöryggi



netöryggi og fellur þá undir SAFT netöryggisverkefnið. Ráðgjöfin skiptist á eftirfarandi hátt: öryggismál/vefstillingar (20%), námsefni (20%), einelti (15%), síðferði (15%), snjallsímar/spjaldtölvur (10%), umsögn/fjölmiðlar (10%), netfíkn (5%), lög/reglur (2%) og 3% falla undir annað (sjá mynd 3).

3.2. ÞJÓNUSTA VIÐ SKÓLASAMFÉLAGIÐ

Samstarf heimila og skóla krefst stöðugs og gagnkvæms upplýsingastreymis þar sem um er að ræða samstarf um börn og unglunga. Samtökin bjóða upp á fyrirlestra og fræðsluefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Boðið er upp á fræðslu um: aðalnámskrá, foreldrastarf, bekkjarstarf, leiðir foreldra til áhrifa, Foreldrasáttmálann, einelti og námskeið fyrir bekkjarfulltrúa. Einnig eru haldin SAFT námskeið um örugga netnotkun barna og unglunga, fyrir börn og foreldra. Öll fræðslan er í eðli sínu forvarnafræðsla.

Heimili og skóli hafa unnið að því að efla og styrkja foreldra til þátttöku í foreldrasamstarfi og efla svæðasamtök um land allt í gegnum fulltrúaráðið. Markmið þessa grasrótastarfs er að styðja við starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga, koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum þannig breiðan samstarfsvettvang.

Árlega er uppfærður hjá samtökunum netfangalisti yfir skóla- og foreldrasamfélagið þar sem finna má meðal annars fulltrúa í foreldraráðum, skólaráðum og foreldrafélögum í skólum landsins. Reglulega eru sendar upplýsingar og rafrænt fréttabréf á þessa netfangalista.

3.3. FULLTRÚARÁÐ OG SVÆÐASAMTÖK

Á nokkrum stöðum á landinu hafa orðið til svæðasamtök sem eru samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga sem yfirleitt eiga fulltrúa í stjórnslunni eða fræðsluráðum/skólanefndum í hverju sveitarfélagi.

Þar geta foreldrar komið sjónarmiðum sínum á framfæri við yfirvöld og haft áhrif á skólastarf. Mikilvægt er að foreldrar hafi þennan vettvang til að vekja athygli á því sem betur má fara og bætt getur líðan barna og námsárangur.

Fulltrúaráð Heimilis og skóla er skipað fulltrúum frá svæðasamtökum foreldra af öllu landinu. Svæðasamtök foreldra sem eru aðilar að samtökunum tilnefna fulltrúa sinn til setu í fulltrúaráði samtakanna. Haldnir voru tveir fulltrúaráðsfundir á árinu.

Sá fyrri var haldinn 11. mars 2013 í Vesturbæjarskóla í Reykjavík. Þangað var boðið fulltrúum foreldra af öllum skólastigum. Fundurinn hófst á kynningu mennta- og menningarmálaráðuneytis á nýrri aðalnámskrá. Eftir umræður um aðalnámskrána og kaffihlé fengu fundargestir kynningu á verkefninu Vínafjölskyldur í Vesturbæ sem til varð að frumkvæði foreldra í Vesturbæjarskóla árið 2008 og hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla vorið 2010. Verkefnið hefur gefist vel og verið tekið upp í fleiri skólum. Í lok dags var skipt í hópa og fóru þar fram umræður um stöðu foreldrastarfs í byggðarlagi hvers fulltrúa og deildu fulltrúarnir hollráðum og hugmyndum.

Seinni fulltrúaráðsfundurinn var haldinn í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla 28. október 2013. Hafa þá alls verið haldnir tíu fulltrúaráðsfundir frá byrjun. Farið var m.a. yfir lagabreytingar sem samþykktar voru á aðalfundi 18. apríl, skerpt á hlutverki fulltrúaráðsins og kosinn fulltrúi í stjórn Heimilis og skóla. Gísli Hildibrandur Guðlaugsson, Foreldraráði Hafnarfjarðar, hlaut flest atkvæði.

3.4. FORELDRAVERÐLAUN HEIMILIS OG SKÓLA

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhenti í átjándra sinn, miðvikudaginn 15. maí 2013, við

hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, afhenti verðlaunin. Aðalmarkmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er í leik, grunn- og framhaldsskólum landsins og stuðlar að samvinnu heimila, skóla og nærsamfélagsins.

Verkefnið Sveitadagar að vori í Varmahlíðarskóla hlaut Foreldraverðlaunin en markmiðið með verkefninu er að nemendur kynnist störfum í sveit og læri þannig að þekkja mikilvægi landbúnaðar í heimahéraði. Hvatningarverðlaun og sérstök viðurkenning voru einnig afhenti við þetta tækifæri. Hvatningarverðlaunin hlaut Barnabær sem er samstarfsverkefni Barnaskólans, foreldra og aðila úr nærsamfélaginu á Stokkseyri og Eyrarbakka. Markmiðið með verkefninu er að upplýsa nemendur um hvernig hagkerfið virkar. Sérstaka viðurkenningu fengu SAMFOK - Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík en samtökin fögnuðu 30 ára starfsafmæli á árinu. Á þeim tíma hafa samtökin beitt sér fyrir auknum áhrifum foreldra á skólastarf og staðið vörð um réttindi barna til menntunar og þroska. Árið 2013 bárust 28 tilnefningar til Foreldraverðlauna.

Í dómnefnd árið 2013 sátu:

- Brian D. Marshall, formaður dómnefndar, stjórn Heimilis og skóla
- Amalía Björnsdóttir, Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- Haraldur F. Gíslason, formaður félags leikskólakennara
- Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir, formaður foreldraráðs FG
- Sigríður Lára Ásbergisdóttir, deildarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Guðbjörg Jónsdóttir, skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
- Guðrún Birna Jóhannsdóttir, verkefnastjórn um aðgerðir gegn einelti



Frá Foreldraverðlaununum 2013.

Vodafone kostaði Foreldraverðlaunin 2013 en aðrir styrktaraðilar voru: **MK Glerlist, Ikea og Blómagallerí.** Elín Helgadóttir hélt utan um viðburðinn sem hluta af diplómanámi sínu í viðburðastjórnun. Um hundrað gestir mættu og fjallað var um Foreldraverðlaunin í fjölmiðlum.

3.5. Foreldradagurinn

Foreldradagurinn var haldinn í þriðja sinn 22. nóvember 2013 í Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi. Málþingið bar yfirskriftina „Komdu ég þarf að hlusta á þig.“ (H.P.) *Hvernig geta foreldrar unnið að forvörnum og stuðlað að velferð barna?* Barna var vitnað í Hugo Þórisson, sálfræðing, sem lést á árinu en tilvitnunin var honum til heiðurs auk þess sem hún átti vel við umfjöllunarefnið. Boðið var upp á fræðsluerindi og málstofur um forvarnir í víðu samhengi. Rætt var m.a. um hvernig foreldrar geta tekið á einelti, netfíkn, vímuefnavanda og öðrum erfiðleikum.

Formaður Heimilis og skóla setti Foreldradaginn og í kjölfarið kynnti Dr. Viðar Halldórsson, félagsfræðingur, nýjar niðurstöður frá Rannsóknunum og greiningu. Því næst kynnti Jóna Karen Sverrisdóttir, ráðgjafi hjá Capacent, helstu niðurstöður nýrrar SAFT könnunar 2013. Þá gátu þátttakendur valið úr þremur málstofum undir handleiðslu fagfólks:

- I. Netfíkn og hegðun á netinu - Eyjólfur Örn Jónsson, sálfræðingur
- II. Einelti. Hvernig má koma í veg fyrir það og hvernig skal bregðast við? - Páll Ólafsson, félagsráðgjafi og ráðgjafi í fagráði eineltismála í grunnskólum, Gegn einelti.
- III. Forvarnir gegn áfengis- og vímuefnaneyslu, viðvörunarmerki og viðbrögð - Guðrún Björg Ágústsdóttir, ráðgjafi hjá Vímulausri æsku - Foreldrahúsi.

Í lokin var kynnt samantekt úr öllum málstofum og boðið upp á umræður í kjölfarið. Deginum lauk með kaffi, léttum veitingum og óformlegu spjalli.



Foreldradagurinn 2013.

3.6. SAFT

Aðgerðaáætlun um örugga netnotkun

Frá árinu 1999 hefur Evrópusambandið rekið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallast *Safer Internet Action Plan*. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, m.a. með því að berjast gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.

Áætluninni er skipt í fjórar megináðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Aðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu
- Hvatningu til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í 31 Evrópulandi. Verkefnin eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast INSAFE (www.saferinternet.org) sem er samhæft af skólanetinu European Schoolnet (www.eun.org).

SAFT verkefnið á Íslandi

Heimili og skóli - landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Verkefnið, sem er styrkt af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun, hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT.

Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara, upplýsingatækniðnaðar, fjölmiðla og stjórnvalda. Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt.

Sérstök verkefnisstjórn átaksins er skipuð fulltrúum frá: ráðuneytum mennta- og menningarmála, innanríkis og velferðar, Háskóla Íslands, Barnaheill, Fjömiðlanefnd, Póst- og fjarskiptastofnun, Ríkislögreglustjóra, Rauða kross Íslands auk verkefnisstjóra SAFT. Í stýrihópi verkefnisins sátu fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, meðal annars frá: stjórnvöldum, úr viðskiptalífni, frá rannsóknaraðilum og menntunar- og forvarnaraðilum. Guðberg K. Jónsson stýrir verkefninu á Íslandi ásamt því að sitja í verkefnastjórn INSAFE og sem formaður ráðgjafanefndar netöryggismiðstöðva.

Framkvæmd verkefnis

Árið 2013 stóð SAFT fyrir ýmsum viðburðum og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar. Stór hluti SAFT

vakningarátaksins fólst í að kynna verkefnið fyrir foreldrafélögum grunnskóla um allt land og ný SAFT könnun leit dagsins ljós.

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2013

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur í tíunda sinn 5. febrúar 2013. Þemað var „Réttindi og ábyrgð á netinu“ og yfir 70 þjóðir stóðu fyrir skipulagðri dagskrá þennan dag.

Netöryggismiðstöðvar 31 Evrópuþjóðar, sem mynda samstarfsnetið Insafe, og yfir 40 önnur lönd leiddu þennan dag saman ýmsa hagsmunaaðila til þess að vekja athygli á og ræða um netið frá ýmsum hliðum. Samstarfsnetið lét framleiða stutta auglýsingu til þess að styðja við átakið. Í tilefni dagsins stóð SAFT fyrir málþingi í Skriðu, aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð. Málþingið var haldið í samstarfi við ráðuneyti innanríkis-, velferðar- og mennta- og menningarmála, Póst- og fjarskiptastofnun, Símann, Lenovo, Microsoft Íslandi og Háskóla Íslands. Fundarstjóri var Hafþór Freyr Líndal, ungmennaráði SAFT.



SAFT ungmennaráð

SAFT lagði grunninn að stofnun sérstaks ungmennaráðs snemma árs 2008 en formlegt ungmennaráð var stofnað í byrjun árs 2009. Ungmennaráðið samanstendur af ungmennum á aldrinum 12 til 18 ára sem koma víðs vegar af landinu. Ráðið kemur að hugmyndavinnu SAFT um hvernig megi kenna ánægjulega og örugga netnotkun í skólum landsins, vinnur að hönnun kennslufnis, er ráðgefandi um hönnun og framkvæmd herferða og gefur sitt álit á öllu fræðslufni sem samtökin gefa út, auk þess sem meðlimir ráðsins taka þátt á ýmsum viðburðum og málþingum er varða netið

og ungt fólk. Ungmennaráðið tekur þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og hefur sótt viðburði á borð við *Internet Governance Forum* og *Safer Internet Forum* sem haldnir eru ár hvert víðs vegar um heim. Eitt mikilvægasta verkefni ungmennaráðsins er þó án efa jafningjafræðslan sem fulltrúar ráðsins taka að sér í sínu heimahéraði. Þar fræða ungmennaráðsfulltrúar jafnaldra sína um hatursorðræðu, rafrænt einelti og önnur vandræði sem óvarleg hegðun á netinu hefur í för með sér. Einnig koma þau inn á hvernig hægt er að nota netið sér til gagns.

Árið 2013 kom ungmennaráð SAFT saman til fundar tvisvar sinnum í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla. Í fyrra skiptið dagana 11. og 12. janúar og í seinna skiptið 4. og 5. október. Á fundunum fór ráðið m.a. yfir heimildarmyndina *Fáðu já!* og námsefni henni tengt og sömdu nýjan jafningjafræðslufyrirlestur. Meðlimir ungmennaráðsins komu fram á *Alþjóðlega netöryggisdeginum* sem kynnar og þátttakendur í pallborði þann 5. febrúar, voru með kynningarbás á UT messunni 8. og 9. febrúar og voru með starfsfólki Heimilis og skóla með kynningarbás í Smáralind 17. og 18. ágúst og í Kringlunni 21. og 22. ágúst. Fulltrúi frá ráðinu tók þátt í málþingi fjölmiðlanefndar, SAFT og Heimilis og skóla 20. nóvember sem bar yfirskriftina *Er baráttan töpuð? Er hægt að vernda börn gegn skaðlegu efni í fjölmiðlum og tölvuleikjum?* Meðlimir ungmennaráðsins héldu auk þess jafningjafræðsluerindi í heimahéraði í október og nóvember.

Dagana 15. - 18. október tók fulltrúi ungmennaráðsins þátt í *Safer Internet Forum* ásamt móður sinni og umsjónarmanni ungmennaráðsins en þar koma saman ungmenni, foreldrar, kennarar og fræðimenn ásamt sérfræðingum innan tæknigeirans og stefnumótunaraðilum til þess að finna leiðir til að gera netið öruggt fyrir börn og stuðla að því að börn fái tækifæri til að þróa hæfileika sína og blómstra. Þingið heppnaðist vel í alla staði og stóðu íslensku fulltrúarnir sig með sóma.



Frá Alþjóðlegum netöryggisdegi 2013.



Norrænt samstarf

Samhliða þátttöku í sam-evrópsku samstarfi netöryggismiðstöðva hefur SAFT tekið þátt í vaxandi samstarfi Norðurlanda á vettvangi netöryggismála. Markmið samstarfsins er að deila efni og þekkingu og vinna sameiginlega að markmiðum er lúta að betra og öruggara neti fyrir alla. Tveir formlegir fundir voru haldnir á árinu, í Helsinki í júní og í Stokkhólmi í október. Norrænt ungmennaráð var stofnsett innan þessa samstarfsvettvangs á EURODig fundi í Stokkhólmi 2012.

Vefsíður

Heimasíða verkefnisins er www.saft.is. SAFT er líka með facebook (1.360 aðdáendur/vini) og Twitter. Einnig var á árinu opnuð sérstök facebook síða fyrir samstarfsverkefnið Ekkert hatur - orðum fylgir ábyrgð og eru þar 646 aðdáendur/vinir.

Ábendingahnappur

Haldið var áfram að kynna nýjan og endurbættan ábendingahnapp um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu. Ábendingahnappurinn er starfræktur í samstarfi SAFT, Barnaheilla - Save the Children á Íslandi og embættis Ríkislögreglustjóra.

Fréttablaðið

Á vormánuðum 2012 var samið við Fréttablaðið um birtingar á heilræðum SAFT til foreldra í óseldum auglýsingadálkum. Netheilræðin 10 voru útfærð í mismunandi stærðum og hafa birst minnst eitt á dag síðan í júní 2012 og eru enn í birtingu ásamt áminningu um ábendingahnappinn.

Fáðu já!

Síðla veturs 2012 hófst samstarf áttakshópa ríkisstjórnarinnar til að vinna að vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi og klám. *Fáðu já!* er eitt þeirra verkefna sem fékk styrk á vegum vitundarvakningarinnar og er ætlað 10. bekk grunnskóla. Eins og segir á vefsíðu verkefnisins er „Fáðu já! 20 mínútna stuttmynd sem ætlað er að skýra mörkin á milli kynlífs og ofbeldis, vega upp á móti áhrifum klámvæðingar, brjóta ranghugmyndir á bak aftur og innræta sjálfsvirðingu í nánnum samskiptum.“ Handritshöfundar og leikstjóri myndarinnar Fáðu já! unnu með SAFT að gerð námsefnis sem hægt er að nota samhliða myndinni. Haustið 2013 var öllum grunnskólum landsins kynnt gagnvirk sjálfspróf sem tekur á klámi, kynlífi og birtingarmyndum kynjanna. Sjálfsprófið má nota stakt eða samhliða notkun myndarinnar.

Rannsóknir

Í september 2012 hófst undirbúningur að framkvæmd SAFT könnunar 2013, en síðasta SAFT könnun var framkvæmd 2009. Markmið könnunarinnar, sem kom til

framkvæmda á vormánuðum 2013, var að afla upplýsinga um notkun barna og unglunga á netinu og nýta í kjölfarið þær upplýsingar til vitundarvakningar um möguleika netsins og örugga netnotkun barna og unglunga. Capacent Gallup sá um framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar í fjölmiðlum tímabilið september - desember 2013. Meginviðfangsefni SAFT könnunarinnar er að kortleggja notkun barna og unglunga á netinu og öðrum skyldum miðlum. Sambærilegar kannanir undir merkjum SAFT hafa verið gerðar hér á landi árin 2003, 2007 og 2009. Líkt og áður voru nú lagðar spurningar fyrir bæði börn og foreldra.

Viðurkenningar og verðlaun

Árið 2013 hlaut SAFT tvær viðurkenningar fyrir námsefni útgefið á árinu. Annars vegar fyrir myndina *Fáðu já!* í Tallinn á fundi netöryggismiðstöðva ESB í mars og hins vegar fyrir gagnvirk sjálfpróf *Fáðu já!* á Möltu á fundi netöryggismiðstöðva ESB í september. Þar átti SAFT einnig þátt í hugmyndavinnu við að efla þátttöku í Evrópusamkeppni um besta barnaefnið á netinu sem hlaut viðurkenningu.

Núverandi samningur

Nýr samningur við Evrópusambandið (ESB) vegna SAFT verkefnisins var undirritaður í ágúst 2012 og gildir verkefnasamningur út árið 2014. Samningurinn snýr að rekstri SAFT verkefnisins á Íslandi sem hluta Netöryggisáætlunar ESB. Heimili og skóli - landsamtök foreldra, Rauði kross Ísland, Ríkislögreglustjóri og Barnaheill - Save the Children á Íslandi undirrituðu samninginn. Kannanir sýna fram á góðan árangur SAFT verkefnisins á Íslandi og aukna vitundarvakningu um netið. Öflugt starf er unnið á vegum SAFT er varðar forvarnir og fræðslu. Í þessum samningi sameinast þrjú verkefni: hjálparlína (helpline), ábendingalína (hotline) og vakningarátak (awareness) hjá SAFT. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur lagt sérstaka áherslu á þátttöku í vakningarátaksverkefni og innanríkisráðuneytið hefur lagt áherslu á verkefni tengd hjálparlínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun) og verkefni tengd ábendingalínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Ríkislögreglustjóra). Í desember 2012 skrifuðu ráðherrar mennta-, velferðar- og innanríkismála undir verkefnasamning við SAFT, en hann tryggir verkefninu umsamið móttframlag og þannig rekstur þess út árið 2014.

Sjá nánar um SAFT verkefnið í ársskýrslu þess sem nálgast má á skrifstofu samtakanna og á vef verkefnisins www.saft.is.



| 4 | ÚTGEFIÐ EFNI, DREIFING OG VEFSÍÐA

4.1. ÚTGÁFA

Nýr Foreldrasáttmáli var prentaður í annað sinn á árinu. Sáttmálinn var uppfærður og endurhannaður árið 2012 og hefur fengið góðar viðtökur foreldra og skólafólks um allt land.

Samtökin hafa um árabíl dreift handbókum um foreldrasamstarf á rafrænu formi til foreldrafélaga og skóla á öllum skólastigum. Þá er mikil eftirspurn eftir bæklingum um starfsemi foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða (Virkir foreldrar – betri leik-, grunn- og framhaldsskóli). Fræðsluheftið Einelti – góð ráð til foreldra hefur verið í stöðugri dreifingu síðastliðin ár auk margs konar fræðsluefnis frá SAFT. Þar má nefna lestrarbækur fyrir yngsta stig og miðstig grunnskóla. Bæklingurinn 10 netheilræði var uppfærður og gefinn út árið 2013 sem og netorðin 5 sem voru gefin út á segli.

Tímarit Heimilis og skóla kom út í ágúst 2013. Eins og áður þá var í því að finna ýmiss konar fróðleik um skóla- og uppeldismál en áhersla var á umfjöllun um nýja aðalnámskrá. Tímaritinu var dreift til félagsmanna Heimilis og skóla, allra leik-, grunn- og framhaldsskóla landsins, greinarhöfunda og auglýsenda og á bókasöfn. Tímaritið var einnig sent á foreldra allra barna sem hófu skólagöngu haustið 2013 (fædd 2007) og þeim boðin félagsaðild. Stofnaðar voru valgreiðslukröfur í heimabanka og gerðust um 200 foreldrar og forráðamenn félagar í samtökunum.

Veftímarit samtakanna, Samstíga, kom nú sinnum út árið 2013. Það er sent út á rafrænu formi til foreldra og félagsmanna á öllum skólastigum (og annarra sem

þess óska) og segir frá helstu viðburðum sem samtökin standa fyrir hverju sinni.

4.2. HEIMASÍÐA OG FACEBOOK

Á heimasíðu samtakanna, <http://heimilioskoli.is>, er að finna upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni sem tengist foreldrasamstarfi. Heimili og skóli eru með virka fésbókarsíðu (facebook) sem opnuð var haustið 2009. Einnig fóru Heimili og skóli á Twitter árið 2013. Samtökin hafa nú eignast um 1.930 aðdáendur/vini en þeir voru 1.030 árið 2012. Færðar eru inn fréttir og annað efni í hverri viku. Heimasíða og fésbókarsíða eru hugsaðar í samhengi þannig að þær styðji hvor við aðra. Þannig eru tíðari uppfærslur á fésbókinni en stöðugri upplýsingar á heimasíðu.



Tímarit Heimilis og skóla 2013

| 5 | FUNDIR, RÁÐSTEFNUR OG AÐRIR VIÐBURÐIR

Ýmiss konar ráðstefnur og fundir voru sótt af starfsfólki og stjórnarmeðlimum Heimilis og skóla árið 2013. Einnig komu fulltrúar Heimilis og skóla að undirbúningi funda, ráðstefna, námskeiða og málþinga og héldu erindi. Hér verður dregið á því helsta.

- Fundað var tvisvar með Mentor og rætt um möguleika á samstarfi. Mentor uppfærði viðmótið hjá sér árið 2013 og í því samhengi opnað á fleiri möguleika á samskiptum við foreldra. Hins vegar eru ýmis tæknileg atriði sem leysa þarf úr áður en við getum fengið að koma þar að efni. Verkefnið er enn á þróunarstigi.
- Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn 5. febrúar í tíunda sinn.
- Dagur leikskólans - Orðsporið var afhent í fyrsta sinn á Degi leikskólans 6. febrúar 2013. Hrefna Sigurjónsdóttir sat í dómnefnd sem fulltrúi Heimilis og skóla. Kristín Dýrfjörð og Margrét Pála Ólafsdóttir hlutu sameiginlega viðurkenningu fyrir opinbera umfjöllun um leikskólustarf hvor á sínum vettvangi og frá ólíkum sjónarhornum. Súðavíkurreppur hlaut einnig viðurkenningu fyrir að vera með 6 klst. gjaldfrjálsan leikskóla á dag fyrir öll börn á leikskólaaldri í sveitarfélaginu. Þannig fá öll börn í sveitarfélaginu jöfn tækifæri til að sækja leikskólanám.
- Formenn norrænna systursamtaka okkar í NOKO, Nordisk Komité, ætluðu að koma hingað til lands 6.-7. mars. Hins vegar var veður það slæmt að Danirnir voru þeir einu sem náðu til landsins í tíma og funduðu formaður og framkvæmdastjóri Heimilis og skóla með formanni og framkvæmdastjóra dönsku foreldrasamtakanna, Skole og forældre. Formaður Heimilis og skóla náði síðan fundi með formanni NOKO, sem er jafnframt formaður finnsku foreldrasamtakanna Hem och Skola, 7. mars. Þá voru Danirnir flognir.
- 11.-15. mars var Insafe fundur í Tallinn.
- 21. mars heimsóttu mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, og formaður og framkvæmdastjóri Heimilis og skóla handhafa Foreldraverðlaunanna 2012. Grundaskóli á Akranesi hlaut verðlaunin á sínum tíma og var tekið vel á móti gestum. Við það tækifæri var undirritaður samstarfssamningur Heimilis og skóla og ráðuneytisins til næstu fjögurra ára. Er það í fyrsta skipti sem samningurinn nær yfir svo langt tímabil. Samið var einnig um kynningu á aðalnámskrám fyrir foreldra árið 2013.
- Stóra upplestrarkeppnin fór fram í mars og apríl líkt og ár hvert. Keppnin hefur getið sér gott orðspor í gegnum árin og Ingibjörg Einarsdóttir, sem er í forsvari og heldur utan um keppnina, hlaut á árinu Fálkaorðuna vegna keppinnar.
- Við tókum upp þrjá fyrirlestra í samstarfi við fyrirlestrar.is í apríl og sneru þeir allir að netöryggi.
- 10. apríl sat Hrefna Sigurjónsdóttir í dómnefnd Stóru upplestrarkeppninnar í Borgarnesi en hún situr einnig í félagsráði Radda f.h. Heimilis og skóla.
- Aðalfundur var haldinn 18. apríl. Á dagskrá voru venjubundin aðalfundarstörf og kosning til stjórnar en einnig voru greidd atkvæði um lagabreytingartillögur.
- Umboðsmaður barna boðaði til fundar 13. maí þar sem kallaðir voru saman ýmsir aðilar er koma að málefnum barna. Rædd var skólafundur skóla án aðgreiningar, aðstæður langveikra barna og barna með geðræn vandamál, fatlanir og/eða þroskahamlanir. Einnig var staða barnaverndarmála rædd.
- Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent í átjándra sinn miðvikudaginn 15. maí 2013 við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsi.
- 23. maí fundaði framkvæmdastjóri með formanni Félags leikskólakennara og formanni Félags stjórnenda leikskóla vegna vinnu við undirbúningsnefnd um framtíðarsýn leikskólans. Verkefnið er í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.
- 28. maí vorum við með kynningu á aðalnámskrárhærfun á fundi samráðsnefndar leik- og grunnskóla í mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- 30. maí funduðum með Rannsóknnum og greiningu til að ræða nýjar niðurstöður m.a. um drykkju framhaldsskólanema og forvarnir.
- 3. júní funduðum við með mennta- og menningarmálaráðuneyti um framgang aðalnámskrárvæðingarmála og komum þar m.a. að athugasemdum foreldra og ræddum fyrirkomulag einkunnagjafar og einkunnaspjalds.
- 4. júní funduðu formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri Heimilis og skóla með formanni Félags grunnskólakennara og varaformanni Kennarasambands Íslands þar sem fjallað var um komandi samningaviðræður við sveitarfélögin og helstu mál grunnskóla.
- 5. júní sat framkvæmdastjóri fund hóps um eflingu leikskólans í mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Baklandshópur SAFT fundaði 11. júní.
- Fyrsti Skype fundur vegna lettnesks samstarfsverkefnis (EFTA/EEA styrkt verkefni) var haldinn 13. júní.
- Norrænn samstarfshópur um netöryggi sem SAFT er hluti af fundaði í Helsinki 17. - 19. júní.



Frá Degi leikskólans 2013.



Heimili og skóli og SAFT með kynningu í Smáralind.

- 16. ágúst var haldin ráðstefna um Heilsueflandi grunnskóla verkefnið en við tókum þátt í að lesa og rýna efni sem fylgir verkefninu.
- Helgina 17.-18. ágúst voru Heimili og skóli/SAFT með kynningar í Smáralind í því augnamiði að kynna starfið og fá félagi í samtökin, kynna ungmennaráð SAFT og dreifa fræðsluefni. Dagana 21.-22. ágúst voru síðan sams konar kynningar í Kringlunni.
- 19. ágúst heimsótti Hans Martens frá Insafe SAFT verkefnið og átti m.a. fund með starfsfólki og fór í kynnisferðir, m.a. til Capacent sem vinnur SAFT rannsóknina.
- Tímarit var sent í ágúst á alla skóla, bókasöfn, félagsmenn Heimilis og skóla og foreldra barna fædd 2007.
- 3. september var Göngum í skólann ýtt úr vör í Álfthanesskóla.
- 5. september funduðu formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri Heimilis og skóla með fulltrúum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. M.a. var rætt um aðstæður Barnanna okkar sem er félag leikskólaforeldra á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn samtakanna lagði félagið niður en unnið var að endurreisn þess og nú er komið nýtt félag. Einnig var rætt um daggæslumál, stöðu grunnskólanna, komandi kjarasamninga og lesskimanir.
- 23.-24. september heimsóttu fulltrúar foreldrasamtaka í Lettlandi okkur í tengslum við samstarfsverkefni.
- 26. september fundaði framkvæmdastjóri með mennta- og menningarmálaráðuneyti til að gefa skýrslu um framfylgd samstarfssamnings.
- 1.-2. október kallaði Norræna ráðherranefndin saman helstu sérfræðinga á ráðstefnu um miðlalæsi (media literacy) í Stokkhólmi og var Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri, boðuð á fundinn. Við sama tækifæri var haldinn norrænn fundur innan SAFT verkefnisins.
- 10. október sótti formaður Heimilis og skóla samráðs- og stefnumótunarfund Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- 7.-11. október var hringferð Heimilis og skóla, SAFT og Foreldrahúss, Foreldrar og forvarnir.
- 15. október áttu formaður og framkvæmdastjóri samráðsfund með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- 17. október var opnun á nýju viðmóti Mentors.
- 23. október funduðum við með SAMFOK.
- 24. október áttum við fund með fulltrúum frá SAMKÓP og SAMLEIK.
- Niðurstöður SAFT könnunar voru kynntar á málþingi þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða í október.
- 28. október var haldinn fulltrúaráðsfundur í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla.
- 29. október fundaði formaður Heimilis og skóla með formanni Félags grunnskólakennara.
- 30. október sóttu formaður og framkvæmdastjóri ráðstefnu Rannís um menntaáætlun ESB og þátttöku Íslands í Erasmus+.
- 4. nóvember var formaður með erindi á skólalþingi Sveitarfélaga.
- 7. nóvember voru kynntar nýjar niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk sem Rannsóknir og greining sjá um.
- 11. nóvember var stefnumótunardagur starfsmanna Heimilis og skóla.
- 20. nóvember var Skype fundur með Lettum vegna samstarfsverkefnis.
- Heimili og skóli og Fjölmíðlanefnd héldu saman ráðstefnu 20. nóvember í Þjóðminjasafni undir yfirskriftinni: Er baráttan töpuð? Er hægt að vernda börn gegn skaðlegu efni í fjölmiðlum og tölvuleikjum? Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla var þar með erindi um ábyrgð foreldra, skóla og samfélagsins.

- Barnahópur velferðarvaktarinnar fundaði hjá Heimili og skóla 21. nóvember.
- Foreldradagurinn var haldinn í Borgarnesi 22. nóvember undir yfirskriftinni: „Komdu, ég þarf að hlusta á þig,“ (H.Þ.) og var þá vitnað í Hugo Þórisson, sálfræðing, sem lést á árinu. Spurningin sem fengist var við í málstofum og sameiginlegum umræðum var: Hvernig geta foreldrar unnið að forvörnum og stuðlað að velferð barna?
- 9.-11. desember var norrænn fundur í tengslum við SAFT í Osló.
- Kynningarfundir vegna aðalnámskrár voru haldnir víðs vegar um land á tímabilinu apríl-desember. Fræðsla og fyrirlestrar á vegum Heimilis og skóla/SAFT var í gangi flestar vikur starfsársins.



Ný aðalnámskrá kynnt.

| 6 | SAMSTARF INNANLANDS

Heimili og skóli – landssamtök foreldra voru í samstarfi við ýmsa aðila á starfsárinu, fulltrúar samtakanna áttu sæti í nefndum og vinnuhópum og komu að fjölbreyttum verkefnum. Sum eru í eðli sínu forvarnarverkefni en önnur lúta að hagsmunamálum foreldra og barna og samstarfi heimila og skóla.

- Samtökin eiga fulltrúa í Stjórn Námsgagnastofnunar sem hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, tók við sæti í stjórninni í febrúar 2012 og Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, er til vara.
- Barnahópur Velferðarvaktarinnar, fulltrúi Heimilis og skóla er Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri.
- Náum áttum er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál. Hópurinn stendur fyrir mánaðarlegum morgunverðarfundum. Sólveig Karlsdóttir, verkefnastjóri, er þar fulltrúi.
- Vika 43 – Vímuvarnavikan.
- SAMAN-hópurinn vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna. Hópurinn heldur samráðsfundi einu sinni í mánuði. Björn R. Egilsson, verkefnastjóri, vinnur með hópnum.
- Heimili og skóli eiga aðild að Samstarfsráði um forvarnir (SAMFO), sem er samráðsvettvangur forvarnarsamtaka á Íslandi þar sem athygli er beint að börnum og forvarnarstarfi.
- Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefninu Göngum í skólann. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Embætti landlæknis, Heimili og skóli, Umferðarstofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Fulltrúi Heimilis og skóla er Sólveig Karlsdóttir.
- Heimili og skóli eiga aðild að Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn, sem stofnuð voru til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og/eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum. Hrefna Sigurjónsdóttir er þar fulltrúi Heimilis og skóla.
- Dagur leikskólans var haldinn 6. febrúar 2013 og viðurkenningin Orðsporið afhent í annað sinn. Hrefna Sigurjónsdóttir sat í dómnefnd fyrir hönd Heimilis og skóla.
- Stjórn og starfsfólk Heimilis og skóla veita umsagnir til Alþingis vegna þingsályktana og/eða frumvarpa til laga þegar við á. Einnig taka fulltrúar Heimilis og skóla þátt í starfsnefndum og vinnuhópum á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana.



- Heimili og skóli eiga víðtækt samstarf við þriðja geirann og eru hluti af Almannaheill – samtökum þriðja geirans. Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, er varamaður í stjórn Almannaheilla.
- Heimili og skóli hafa í gegnum árin tekið á mótí starfsmenum frá Menntavísindasviði. Árið 2013 fengum við starfsmema úr uppeldis- og menntunarfræði í HÍ, Dagný Vilhjálmssdóttur, sem var hjá okkur vikuna 25. febrúar – 1.mars. Hún fór yfir vefsíður Hogs og SAFT og gerði tillögur til úrbóta. Einnig fór hún yfir Foreldrabankann og handbækurnar
- Fjölmíðlar leita gjarnan til samtakanna og verða þá yfirleitt framkvæmdastjóri og formaður Heimilis og skóla fyrir svörum. Starfsmenn samtakanna skrifa einnig greinar og annað efni í fjölmíðla og veita upplýsingar.

Foreldrar og forvarnir

Heimili og skóli og SAFT í samstarfi við Vímulausa æsku – Foreldrahús stóðu fyrir fræðslufundaherferð hringinn í kringum landið á haustmánuðum ársins 2013 undir yfirskriftinni *Foreldrar og forvarnir*. Boðið var upp á fjölbreytt fræðsluerindi fyrir foreldra um gildi og ávinning farsæls foreldrasamstarfs (Foreldrasáttmálinn var kynntur sérstaklega í því tilliti), SAFT-fræðslu um netöryggi og ábyrga og jákvæða netnotkun barna og ungmenna auk þess sem foreldrar fengu ráð sem styrkt geta sjálfstraust og ábyrgð þeirra í vímuefnaforvörnum. Einnig var á fundunum fjallað um úrræði þegar í óefni er komið, s.s. ef hnökror eru á samskiptum foreldra og skólastofnana, ef börn hafa ratað í vandræði á netinu eða eru að fíka við áfengi eða vímuefni. Í fyrstu atrennu voru haldnir þrjár fundir; mánudaginn 7. október heimsóttu fyrirlesarar verkefnisins Höfn í Hornafirði, þriðjudaginn 8. október var haldinn vel sóttur fundur á Reyðarfirði og miðvikudaginn 9. október var Ólafsfjörður heimsóttur. Fyrirlestur var fyrirhugaður á Grundarfirði daginn eftir en vegna veðurs var honum frestað til 3. desember. Að

auki var einn fræðslufundur haldinn í Reykjavík þann 27. nóvember en fleiri fundir voru haldnir á árinu 2014.

Kynning á aðalnámskrá

Heimili og skóli sömdu við mennta- og menningarmálaráðuneyti að taka að sér fræðslu fyrir foreldra á nýrri aðalnámskrá. Í þessu fólst að standa fyrir níu fræðsluerindum fyrir foreldra um land allt og útbúa fræðsluefni á heimasíðu Heimilis og skóla.

Í samstarfssamningi Heimilis og skóla og mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem var undirritaður þann 21. mars 2013 var kveðið á um að samtökin tækju að sér að kynna nýja aðalnámskrá fyrir foreldrum þar sem talsverðar breytingar og uppstokkun á starfsháttum og inntaki náms eru fyrirhugaðar. Í því skyni stóðu samtökin fyrir 9 fræðslufundum víðs vegar um landið auk þess sem stutt viðtöl við starfsfólk ráðuneytisins, fræðimenn á menntavísindasviði, kennara og foreldra voru birt á *youtube*-rás samtakanna og fræðslupakki útbúinn fyrir foreldra. Einnig var tekinn upp fyrirlestur um efnið. Í fyrstu atrennu voru haldnir þrjár fundir; í Reykjavík 22. apríl, á Akranesi 29. apríl og í Reykjanesbæ. Þegar hausta tók voru haldnir fundir í Kópavogi 5. september, á Selfossi 10. september, á Ísafirði 12. september, á Akureyri 5. nóvember, í Reykjavík 28. nóvember. Fræðslufundur var fyrirhugaður á Egilsstöðum í nóvember en vegna veðurs var fundinum frestað fram til 14. janúar 2014.

Á fundunum var farið yfir helstu nýjungar sem boðaðar eru í aðalnámskrá: grunnþætti menntunar, ný og fjölbreytt vinnubrögð, hæfni og lykilhæfni, nýtt námsmat og skörun hæfniprepa. Fundargestir hlýddu á erindi, horfðu á kynningarmyndbönd og fengu tækifæri til að bera fram fyrirspurnir. Kynningarblaði mennta- og menningarmálaráðuneytisins *Nám til framtíðar* var dreift auk Tímarits Heimilis og skóla 2013 en í því var að finna greinar um innihald nýrrar aðalnámskrár og efni sem tengist henni.



Foreldrar og forvarnir á ferð um landið.



| 7 | NORRÆNT SAMSTARF

Heimili og skóli voru óvirkir félagar norrænu foreldrasamtakanna *Nordisk Komité* (NOKO) árið 2013. Helgaðist það af niðurskurði og sparnaði í starfsemi samtakanna. Engar ráðstefnur á vegum NOKO voru sóttar af formanni og starfsmönnum Heimilis og skóla árið 2013 en til stóð að halda næsta formannafund á Íslandi í mars 2013. Veðrið setti því miður strik í reikninginn og ekki tókst að halda fund með öllum saman en tekið var á móti formanni og framkvæmdastjóra dönsku foreldrasamtakanna 6. mars og formanni NOKO frá Finnlandi 7. mars. Einnig hélt formaður Heimilis og

skóla góðu sambandi við NOKO með póstsamskiptum og heimsótti dönsku foreldrasamtökin í Kaupmannahöfn þegar hann átti þar leið um á árinu. Heimili og skóli sömdu árið áður um að greiða lægra árgjald en í staðinn greiðum við sérstaklega fyrir þær ráðstefnur sem ákveðið er að sækja. Markmiðið með samstarfinu er að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni auk þess sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir. Áherslan í samstarfinu árið 2013 var á jafnrétti til náms en sú áhersla rímaði við áherslur Norrænu ráðherranefndarinnar.

| 8 | EVRÓPSKT SAMSTARF

Heimili og skóli urðu fullgildir aðilar að Evrópusamtökum foreldra, *European Parents' Association (EPA)* á fundi EPA í september 1998. Meginmarkmið samtakanna er í grófum dráttum:

- að hafa áhrif á stefnu Evrópusambandsins í mennta- og uppeldismálum og stuðla með því að sem mestum gæðum skólastarfs,
- að beita áhrifum samtakanna til að efla virka þátttöku evrópskra foreldra í skólastarfi á öllum skólastigum,
- að styrkja samstarf heimila og skóla með því að miðla hugmyndum og dæmum um það besta sem gert er (good practice),
- að vera vettvangur skoðanaskipta og samráðs evrópskra foreldra.

Heimili og skóli hafa ekki sótt neina fundi né ráðstefnur á vegum EPA síðustu ár en samtökin fá reglulega fréttabréf og annan fróðleik með tölvupósti og í gegnum fésbók.

Samstarf við lettnesk foreldrasamtök

Starfsfólk Heimilis og skóla fékk þær Jana Simanovska og Kristíne Dūdiņa í heimsókn dagana 23. og 24. september en þær komu hingað á vegum foreldrasamtaka í Lettlandi (*Parents for Education*) í þeim tilgangi að kynna sér hvernig komið væri til móts við nemendur með sérþarfir, hvernig unnið sé gegn einelti íslensku menntakerfi og hvernig hugmyndinni um skóla án aðgreiningar væri hrundið í framkvæmd. Eftir að hafa kynnt þær fyrir meginverkefnum og starfsemi Heimilis og skóla í grófum dráttum heimsóttum við Klettaskóla í Öskjuhlíð og Krikaskóla í Mosfellsbæ. Heimsóknirnar voru okkur starfsfólki Heimilis og skóla ekki síður fróðlegar enda hvetjandi að sjá hversu vel

er hægt að standa að námi og umönnun barna með sérþarfir. Dagskráin var kórónuð með heimsókn í Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða þar sem við fengum að kynna margvíslegri aðstoð sem skólunum stendur til boða áður en hinir erlendu gestir sneru til síns heima. Þann 20. nóvember tók starfsfólk Heimilis og skóla þátt í málþingi sem þær Jana og Kristíne skipulögðu í Riga í gegnum Skype. Málþingið bar yfirskriftina *On a way to safe and inclusive schools in Latvia. Experience from Nordic Europe* þar sem rætt var um hvað þurfi að gera til að stuðla að skólastarfi þar sem börn finni til öryggis og virðingar og komið sé til móts við nemendur með sérþarfir. Erindi Heimilis og skóla báru titlana *Responsibility and rights of parents in Iceland. Possibilities and needs to be involved* og *Co-operation to develop safe and respectful schools in Iceland. Possibilities and needs to be involved* en í aðdraganda málþingsins hafði starfsfólk einnig svarað ítarlegum spurningalista um stöðu mála á Íslandi. Norsku foreldrasamtökin FUG voru einnig samstarfsaðilar í verkefningu.



Kristíne Dūdiņa og Jana Simanovska í heimsókn á vegum foreldrasamtaka í Lettlandi.

| 9 | LOKAORÐ

Á árinu 2013 voru stigin mikilvæg skref hjá Heimili og skóla til að vinna með enn markvissari hætti með foreldrum í landinu. Á aðalfundinum í maí 2013 var lögum félagsins breytt þannig að fækkað var í stjórn félagsins en vægi fulltrúráðs aukið. Markmið breytinganna er að fulltrúar foreldra frá öllu landinu hafi meira vægi svo rödd foreldra heyrist betur í umræðunni um skólamála.

Starfsmenn Heimilis og skóla fóru á árinu í fundarherferð um landið þar sem þeir ræddu við foreldra um breytingar sem á döfinni eru í aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Margir fundir voru einnig haldnir með foreldrum um allt land í samstarfi við SAFT og Vímulausa æsku - Foreldrahús um forvarnir. Aukin eftirspurn er eftir umræðufundum, kynningum og fyrirlestrum frá Heimili og skóla. Samtökin vilja með þessum hætti efla enn frekar samtalið við foreldra um framtíðarskólakerfi á Íslandi og hlutverk foreldra.

SAFT verkefnið náði á árinu umtalsverðum árangri þar sem samstarf Heimilis og skóla við Rauða krossinn, Ríkislögreglustjóra og Barnaheill hefur með styrk frá framkvæmdastjórn ESB og íslenskum yfirvöldum leitt af sér aukna meðvitund og skilning foreldra og barna um örugga netnotkun.

Rekstur samtakana á árinu gekk vel. Settar voru metnaðarfullar áætlanir og þess gætt vandlega að takmarkaðir fjármunir væru vel nýttir. Umsvifin



hafa aukist undanfarin ár með þjónustu við leik- og framhaldsskólaforeldra. Ein megin áskorun samtakanna felst í að fjölga greiðandi félögum og tryggja þannig aukna þjónustu við foreldra. Einnig er mikilvægt að samtökin geti fjármagnað starfsemi sína að sem mestu leyti með félagsgjöldum svo þau haldi stöðu sinni sem frjáls og óháð félagasamtök með sterkt umboð foreldra.

Ég vil þakka kærlega starfsfólki, stjórn og öllum þeim sem lögðu samtökunum lið á árinu. Þetta hefur verið annasamt en mjög skemmtilegt ár. Megi foreldrastarf í landinu blómstra.

Ketill B. Magnússon,
formaður

LÖG HEIMILIS OG SKÓLA - LANDSSAMTAKA FORELDRA

NAFN OG AÐSETUR

1. gr. Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík.

TILGANGUR, MARKMIÐ OG LEIÐIR

2. gr. Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað,

- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu- og rannsóknarstarfsemi sem
- stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumálum,
- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- að stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því
- að veita viðurkenningar fyrir góð störf,
- að hafa samstarf við önnur samtök og félög innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi

ADILD

3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar og aðal- og varafulltrúar hvers svæðaráðs í fulltrúaráðinu sem greiða félagsgjald. Foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrir geta einnig óskað eftir aðild að samtökunum en hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

STJÓRNSKIPULAG

4. gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórnmalaflokkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
- c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
- d) Kosning í stjórn samtakanna
- e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
- f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

STJÓRN

5. gr. Stjórn samtakanna skipa sjö einstaklingar þar með talinn formaður. Annað hvert ár eru á aðalfundi kosnir þrjú stjórnarmenn til tveggja ára í senn og tveir hitt árið. Það ár kys fulltrúaráð samtakanna einn stjórnarmann til tveggja ára. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kys varaformann og ritara.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár. Í umboði aðalfundar er hlutverk stjórnar að sjá til þess að samtökunum sé stýrt í samræmi við þessi lög, marka stefnu samtakanna, hafa eftirlit með rekstri þeirra og annast ráðningu framkvæmdastjóra. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en átta sinnum á ári og oftast ef þurfa þykir.

Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

6. gr. Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.

7. gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði að lágmarki tvisvar á ári. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Fulltrúaráð fjallar um eflingu foreldrastarfs, skólastefnu yfirvalda og velferð skólabarna. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfseminni.

FJÁRMÁL

8. gr. Tekjur samtakanna eru:

1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.

Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.

LAGABREYTINGAR

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi lög samtakanna sem sett voru á aðalfundi 2008.

ÁKVÆDI TIL BRÁÐABIRGÐA:

Á aðalfundi 18. apríl 2013, sem samþykkti þessi lög, skal kosið til stjórnar samkvæmt lögum þessum. Þá skulu kosnir þrjú stjórnarmenn til tveggja ára. Í stjórn sitja áfram í eitt ár fjórir stjórnarmenn, þar af formaður.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð | 108 Reykjavík
Sími 516 0100 | www.heimilogskoli.is